

Mál nr. 447/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. nóvember 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 11. febrúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að starfsmaður fyrirtækisins M, sem sé jafnframt váttryggingartaki (X), hafi valdið tjóni á innkeyrsluhurð á lagerhúsnæðinu A sem M leigir af þriðja aðila hinn 16. ágúst 2024, er hann ók lyftara í festingu á innkeyrsluhurðinni. Hefur M gert kröfu um að tjónið verði greitt úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sem í gildi var á tjónsdegi hjá V. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað á þeim grundvelli að í grein 7.1. í skilmálum tryggingarinnar séu skemmdir á munum, sem váttryggður hefur á leigu, undanþegnar bótaskyldu. M mótmælir því að innkeyrsluhurð á A sé „munur“ í skilningi skilmála váttryggingarinnar. Tjónið hafi ótvírætt orðið vegna skyndilegs og óvænts atburðar og tryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggðan sem eiganda húss eða fasteignar sem notuð er við greinda starfsemi sbr. grein 3.2. í skilmála váttryggingarinnar. Ljóst sé að tryggingin taki til húsnæðis sem M notar fyrir starfsemi sína. Í greinum 3.1. og 3.2. í skilmálanum sé gerður skýr greinarmunur á „munum“ annars vegar og svo „húss eða fasteignar“ hins vegar. Af því leiði að munur geti ekki átt við um fasteign eða fylgifé hennar, annars hefði þessi greinarmunur ekki verið gerður enda væri hann þá óþarfur. Undanþágan sem fram komi í grein 7 eigi ekki við um fasteign, enda einungis fjallað um „mun“. Samkvæmt íslenskri málhefð geti „munur“ átt við ýmiss konar lausafé en ekki fasteign eða fylgifé hennar. Það sé því ekkert í váttryggingarskilmálum sem gat bent til þess að innkeyrsluhurð ætti að falla undir umræddar undanþágur skilmálans.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V geti með engu móti fallist á þær röksemdir að bílskúrshurð sé ekki „munur“ í skilningi skilmála. Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 362/2020 hafi nefndin túlkað sambærilegt undanþáguákvæði þannig að þak félli undir hugtakið „munir“. Í grein 3.1 sé með almennum hætti farið yfir hvers konar skaðabótaábyrgð falli undir váttrygginguna. Í grein 3.2 sé svo opnað fyrir þann möguleika að hægt sé að váttryggja gegn skaðabótaábyrgð sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar sem notuð er við greinda starfsemi sé húsnæðisins sérstaklega getið í skírteini eða iðgjaldskvittun. Í þessu felist ekki að tjón á húsnæðinu sem slíku komi til skoðunar úr ábyrgðartryggingunni, heldur aðeins ef váttryggður bakar sér bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila sem eigandi/leigjandi fasteignarinnar. Fellst V því ekki á túlkun M, hvorki á hugtakinu „munir“ né orðalagi greina 3.1 og 3.2 og hafnar bótaskyldu í málinu.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri afstöðu sína sem fram kemur í málskoti og hafnar afstöðu V. Óumdeilt sé að tjónið sem varð sé vegna bótaábyrgðar M gagnvart þriðja aðila.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð M (X) á tjóni á innkeyrsluhurð lagerhúsnæðisins A sem M leigir frá þriðja aðila. Gildissvið ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur hjá V takmarkast skv. 3. gr. skilmálans við líkamstjón eða skemmdir á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Gildissvið váttryggingarinnar takmarkast síðan með undanþáguákvæðum í 7. gr. Í b-lið þeirrar greinar er tilgreint að váttryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem váttryggður hefur tekið í heimildarleysi. Afstaða M byggir á því að orðið „munur“ geti ekki átt við innkeyrsluhurðina enda er

hún hluti af fasteign. Ekki séu gerðar undanþágur vegna tjóns á fasteign í fyrrgreindu skilmálaákvæði. V vísar til þess að innkeyrsluhurðin teljist vera munur í skilningi ákvæðisins.

Í skaðabótarétti er greint á milli líkamstjóns, munatjóns og svo almenns fjártjóns. Undir munatjón falla bæði tjón á lausafé og fasteignum. Það eru því ekki eingöngu lausafjármunir sem falla þar undir, heldur öll tjón á hlutrænum verðmætum, þ.e. einnig fasteignum og fylgifé þeirra. Fyrir liggur að M var með lagerhúsnæðið á leigu og einnig í vörslum sínum. Er því hér um að ræða atvik sem fellur undir framangreinda undanþágu í skilmálum vátryggingarinnar og er bótaréttur úr ábyrgðartryggingu því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Tjón á fasteigninni A, bætist ekki úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 18. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir